

AUGLÝSING**um skipulag í Barðastrandarhreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964, skuli ná til Barðastrandarhrepps í Vestur-Barðastrandarsýslu, að undanskyldum nauðsynlegum byggingarframkvæmdum vegna búrekstrar.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 218.

25. júní 1973.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 4/28. janúar 1972 um breytingu á reglugerð um bann við veiði smásildar nr. 7/22. febrúar 1966, og um bann við loðnuveiðum.

Í stað orðanna: „1. september 1973“ í 1. málsgrein ákvæðis til bráðabirgða komi orðin: 1. september 1974.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44/5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. júní 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Jón L. Arnalds.

Nr. 219.

27. júní 1973.

REGLUR

um félagsheimilið Fjarðarborg.

1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Fjarðarborg í Borgarfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Lóðin er fengin endurgjaldslaust hjá Borgarfjarðarhreppi.

Lóðarstærð er 2530 fermetrar, og afmarkast þannig: til austurs 20 m frá húshlið í átt að þorpsgötu, til suðurs 8 m frá húshlið, til vesturs 10 m frá húshlið, til norðurs 8 m frá húshlið.

Eigendur félagsheimilisins eru:

Ungmennafélag Borgarfjarðar eignarhluti 48%; Borgarfjarðhreppur eignarhluti 25%; Verkalýðsfélag Borgarfjarðar eignarhluti 15%; Kvenfélagið Eining eignarhluti 12%.

2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagsheimilinu. Hún skal skipuð 7 fulltrúum frá eigendum, þannig að Ungmennafélag Borgarfjarðar tilnefnir 3 fulltrúa,

Borgarfjarðarhreppur tilnefni 2 fulltrúa og Verkalýðsfélag Borgarfjarðar og Kvenfélagið Eining sinn fulltrúann hvort.

Varamenn skulu kjörnir á sama hátt.

Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Fulltrúar hreppsnefndar boða til fyrsta fundar í nýkjörinni húsnefnd. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda Þjóðskjalsafni gerðabækur þess til vörzlu.

3. gr.

Húsnefnd heldur fund er þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund, ef 3/7 nefndarmanna æskja.

Aðalfundur eigenda félagsheimilisins skal haldinn árlega. Á fundinum skal húsnefndin leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaða af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga eða löggiltum endurskoðanda. Einnig leggi hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun félagsheimilisins fyrir næsta ár.

Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæm sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað.

Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Húsnefndarmenn hafa hver um sig eitt atkvæði á aðalfundi.

Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilissjóði.

Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a. að ráða húsvörð, ef þess er talin þörf að dómi aðalfundar, setja honum starfsreglur og sjá um, að þeim sé fylgt;
- b. að ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur nauðsynlegt. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólksins, sem á að vinna undir hans stjórn.
- c. að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra;
- d. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins;
- e. að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda;
- f. að sjá um viðhald og endurbætur húseigna, húsbúnaðar og áhalda;
- g. að sjá um, að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ýtrasta hreinlætis;
- h. að sjá um, að húsið sé hæfilega hitað og lýst;
- i. að sjá um, að löggæzla sé á samkomum.

5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins.

Skylt er þeim að heimila félögum, er greinir í 1. gr. laga nr. 107/1970, um félagsheimili, innan byggðarlagsins afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið. Verði ágreiningur um, hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimili, sker menntamálaráðuneytið úr.

6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fái til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni berast eigi aðrar tekjur.

7. gr.

Þess skal gætt, að húseignir, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega váttryggt.

8. gr.

Félag, er samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er enginn eða eigi við, þegar samkomu lýkur, skal gæzlumaður slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, og opna loftræstingarop, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörzlu og loks loka vel gluggum og hurðum.

9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins skal húsvörður eða húsnefnd sjá um ræstingu þess, þ. á. m. að gólf séu hreinsuð og salerni ræst vandlega með sótt-hreinsandi efni. Árlega skal fara fram gagnger ræsting alls hússins.

10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri, og skal húsvörður eða húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Lóðina skal girða traustri gripheldri girðingu, er haldið sé vel við.

11. gr.

Fánastöng skal koma fyrir við húsið. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega þó vera í öðrum lit. Fánasnúran skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skipta þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum og enn fremur að hann sé ekki hafður uppi fram yfir þann tíma, sem forsetaúrskurður um fánadaga kveður á um, skv. lögum um þjóðfána Íslendinga nr. 34/1944.

12. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnað, glugga (utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistæki, eldavél og hitunartæki, raflagnir og ljósatæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf í samkomusal o. s. frv.

Auk hinnar árlegu athugunar og viðgerðar sé þess gætt, að sem flestar skemmdir á húsi eða húsmunum séu lagfærðar jafnóðum, svo að þar sé jafnan ríkjandi snyrtimennska.

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

15. gr.

Þar sem fé hefur verið greitt til smíði hússins úr ríkissjóði, sérstaklega til öflunar aðstöðu í því til íþróttaiðkana fyrir skólanemendur, veitist skólum hreppsins forgangsréttur að afnotum hússins á eðlilegum starfstíma skóla að deginum. Skal því ræsting þeirra húsakynna, sem afnot skólans varða, vera samkvæmt ákvæðum um hirðingu íþróttahúsa.

Fyrir afnot skóla skal greitt sem önnur afnot.

16. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skirskotun til 8. gr. laga nr. 107/1970, um félagsheimili, öðlast gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Borgarfirði, 16. júní 1973,

Í eigendafélagi félagsheimilisins.

Ásgrímur Ingi Jónsson. Helgi Magnús Arngrímsson.

Hannes Óli Jóhannsson. Hörður Björnsson.

Magnús Þorsteinsson. Jóhanna Borgfjörð.

Ásta Jónsdóttir.

Reglur þessar, sem settar eru með skirskotun til 8. gr. laga nr. 107/1970, um félagsheimili, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 27. júní 1973.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

30. júní 1973.

Nr. 220.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skráningu sérlyfja nr. 48 20. maí 1964,
sbr. reglugerð um breyting á þeirri reglugerð nr. 295/1968.

1. gr.

7. gr. 1. mgr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal gjald að upphæð kr. 3 000.00 fyrir hverja umsókn um skráningu sérlyfs sbr. 3. gr.

2. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af hverju formi sérlyfs, sbr. 9. og 19. gr., sem er á sérleyfisskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða 1 000.00 króna árgjald, er greiðist til sérlyfjasjóðs fyrir 1. febrúar ár hvert.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 62. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. júní 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.